

Nd.

## 53. Frumvarp til laga

[48. mál]

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

### 1. gr.

Aftan við 33. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Umboðsmenn eiga ekki kröfu til þess að skoða meðmælendaskrár annarra frambjóðenda eða annarra framboðslista, nema vafi leiki á, að meðmælendur séu allir á kjörskrá eða tala þeirra nægileg. Skulu umboðsmenn, er slík athugun meðmælendaskráanna fer fram, gefa skriflegt drengskaparheit um að skýra engum frá, hvaða nöfn séu á þeim meðmælendaskráum, sem þeir þannig fá að sjá frá hinum frambjóðendum.

### 2. gr.

84. gr. laganna orðist þannig:

Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna, gengur hann fyrir oddvita. Áður en kjósanda er fenginn kjörseðill, skal hann sanna kjörstjóra, hver hann sé, á þann hátt, er kjörstjórn telur fullnægjandi.

Telji kjörstjórn vafa á, að nægilega sé sannað, hver maðurinn sé, er honum kostur ger að fá inn með sér tvo kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir og ef þeir vilja lýsa yfir, að viðlögðum drengskap, að maðurinn sé sá, sem hann kveðst vera, telst það næg sönnun, en geta skal þessa í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

Í Reykjavík og annars staðar, þar sem nauðsyn ber til að dómi yfirkjörstjórnar, skal kjósandi leggja fram nafnskirteini, er sanni, hver hann er. Um útgáfu slíkra nafnskirteina skal ákveða nánar með reglugerð.

Er kjósandi hefur þannig sannað, hver hann er, skal oddviti fá honum kjörseðil, ef hann á rétt til að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni.

### 3. gr.

97. gr. laganna orðist þannig:

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta, fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar frá því að kjörfundur hófst, og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði, og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram. Nú hefur kjörfundur staðið í 12 klukkustundir, og má þá slíta honum, þegar fjórðungur stundar er liðinn frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundi skal þó aldrei slíta síðar en kl. 24 á kjördag.

### 4. gr.

Aftan við 103. gr. bætist nýjar málsg., svo hljóðandi:

Frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að senda frá sér upplýsingar af kjörfundi um það, hvaða kjósendur koma og neyta atkvæðisréttar síns. Enn fremur er frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra á kjörfundi óheimilt að skrifa hjá sér, hverjir greiða atkvæði, og óheimilt að hafa með sér á kjörfundi aðrar skrár eða spjaldskrár en kjörskrána óbreytta.

Skal oddviti kjörstjórnar hafa eftirlit með því, að frambjóðendur og umboðsmenn þeirra hafist ekki annað að á kjörfundi en að fylgjast með því, að kosning fari fram lögum samkvæmt.

5. gr.

4. tölul. 110. gr. laganna orðist þannig:

ef kross er markaður annars staðar en fyrir er mælt í 87.—89. gr., áletrun er á seðlinum fram yfir það, sem fyrir er mælt í lögum þessum, eða annarleg merki, sem til þess eru fallin að gera seðilinn auðkennilegan, svo sem ef fleiri en einn kross er markaður, þótt við sama frambjóðanda eða listabókstaf sé, kross markaður utan þeirrar skákar á seðlinum, þar sem nafn frambjóðanda eða listabókstafur er skráður, eða ef eitthvað er innan í utankjörstaðarseðli, sem til þess er fallið að auðkenna hann sérstaklega.

6. gr.

3. tölul. 139. gr. orðist þannig:

Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort sem er með ræðuhöldum, prentuðum eða skrifuðum ávörpum, með því að bera eða hafa uppi flokksmerki eða merki lista eða með auglýsingum á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð: Kosningalög þau, sem nú gilda hér á landi, eru í meginatriðum frá árinu 1942. Þá var um þetta mikilvæga efni sett löggjöf, sem var í ýmsum efnum víðtækari en eldri lög um kosningar til Alþingis. Svo sem eðlilegt má teljast um jafnumfangsmikla og að mörgu leyti vandasama löggjöf sem kosningalög eru, hefur reynslan leitt í ljós nokkra agnúa á lagasetningu þessari, sem full ástæða virðist til að sníða af lögunum, einkum með því að kveða skýrar á um einstök atriði en þar er gert.

Frumvarp það, sem hér er flutt, miðar að því að breyta nokkrum þeim ákvæðum kosningalaganna, sem reynsla undanfarinna ára bendir ótvírætt til að lagfæra þurfi eða setja um ákveðnari fyrirmæli en áður hafa gilt.

Um einstakar greinar frumvarpsins vilja flm. einkum taka þetta fram:

Um 1. gr.

Umboðsmenn frambjóðenda eða framboðslista hafa haft aðstöðu til að athuga og jafnvel afrita að einhverju eða öllu leyti meðmælendaskrár frambjóðenda og framboðslista, án þess að þeim sé gert að skyldu að fara með slíka vitneskju sem trúnaðarmál. Hefur sterkur orðrómur leikið á um það, að sú vitneskja, sem þannig er fengin, hafi verið notuð til að þröngva mönnum með ýmsum hætti vegna skoðana þeirra. Það er að sjálfsögðu andstætt tilgangi lýðræðislegrar kosningalöggjafar að fá óhlutvöndum mönnum gögn í hendur, sem þeir gætu notað til skoðanakúgunar. Til þess að fyrirbyggja þessa hættu, eftir því sem við verður komið, leggjum við til, að aftan við 33. gr. kosningalaganna bætist ákvæði, er takmarkar rétt umboðsmanna til að kanna meðmælendaskrár annarra frambjóðenda og framboðslista.

Um 2. gr.

Helzta nýmæli hennar er það, að í Reykjavík og annars staðar, þar sem nauðsyn þykir bera til að dómi yfirkjörstjórnar, skuli kjósandi leggja fram nafnskirteini, er sanni, hver hann er. Þetta ákvæði virðist nauðsynlegt í jafnstórri borg og Reykjavík er orðin. Það er með öllu útilokað, að kjörstjórar þekki nema lítinn hluta kjósenda í svo fjölmönnum bæ. Verður því, þar sem svo háttar, að leggja þá skyldu á kjósandann, að hann færi á það sönnur, að hann sé sá, sem hann segist vera.

Þetta verður naumast gert, svo að viðhlitandi sé, með öðrum hætti en þeim, sem hér er lagt til. Ákvæði um þetta atriði mega ekki vera svo rúm, að þau gefi óhlutvöndum mönnum tækifæri til kosningasvika.

#### Um 3. gr.

Helzta nýmæli þessarar greinar er það, að kjörfundur megi aldrei standa lengur en til miðnættis. Verður að lita svo á, að þá sé hinn ákveðni kjördagur liðinn. Hins vegar hafa ákvæði kosningalaganna um þetta atriði ekki verið ótvíræð. Hefur því kosning, a. m. k. í Reykjavík, verið látin dragast langt fram yfir miðnætti, án þess að nokkur rök mæli með því. Eðlilegast virðist, að um þetta séu skýr ákvæði í lögum.

#### Um 4. gr.

Í þessari grein er lagt bann við því, að umboðsmenn flokka og frambjóðenda í kjördeildum sendi frá sér upplýsingar um það, hverjir neyta atkvæðisréttar síns. Hefur það farið mjög í vöxt hin síðari ár, a. m. k. í kaupstöðum, að flokkarnir noti rétt sinn til að hafa umboðsmenn í kjördeildum fyrst og fremst til að fylgjast með því, hverjir hafa kosið og hverjir ekki. Á þeirri vitneskju, sem þannig fæst, er síðan byggð hin miður skemmtilega kosningasmölun. Ónæði það, sem kosningasmalarnir valda á flestum heimilum, a. m. k. í bæjum, er alkunnugt og óþarft að lýsa því rækilega. Hver sá kjósandi, sem einhverra hluta vegna hefur ekki farið á kjörstað, er eltur uppi, þegar liður á kjördag. Má svo að orði kveða, að hann eigi sér naumast undankomu auðið fyrir ásókn kosningasmalanna, sem telja ekki eftir sér að koma hvað eftir annað á sama heimilið. Láta þeir kjósandann engan frið hafa, fyrr en hann hefur gert annað tveggja: farið á kjörstað eða lýst yfir því, að hann fari hvergi. Þegar kjósandi hefur margneitað að fara á kjörstað og lýst yfir, að hann muni ekki neyta kosningarréttar síns, opnast óneitanlega möguleikar til kosningasvika, sem ella væru ekki fyrir hendi. En þó að engu slíku væri til að dreifa, ættu menn að geta orðið sammála um það, að ekki beri að veita stjórnmalaflokkum sérstaka aðstöðu til að reka þá gegndarlausu smalamennsku, sem nú er farin að tíðkast við hverjar kosningar. Er tæpast hægt að kalla þær kosningar fullkomlega lýðræðislegar, þar sem kjósendur fá ekki sjálfir ráðið því án íhlutunar stjórnmalaflokka, hvenær eða hvort þeir neyta atkvæðisréttar síns. Virðast öll rök mæla með því, að stjórnmalaflokkum sé meinað að fylgjast með kosningum á þann hátt, sem verið hefur. Í því efni eiga að nægja þær upplýsingar um kjörsókn, sem kjörstjórn lætur í té.

#### Um 5. gr.

Hér er kveðið nokkru skýrar á um það en gert er í núgildandi kosningalögum, hvenær atkvæði skal talið ógilt. Nú er svo að orði kveðið í 4. tölul. 110. gr. kosningalaga, að atkvæði skuli talið ógilt, „ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það, sem fyrir er mælt, eða annarleg merki, sem ætla má, að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan“. Þetta orðalag er ekki svo greinilegt sem skyldi, eins og alloft hefur komið í ljós í sambandi við kosningar. Með þeirri orðalagsbreytingu, sem hér er lagt til að gerð verði á þessari grein laganna, er leitast við að setja um þetta atriði gleggri ákvæði en nú gilda.

#### Um 6. gr.

Þessi grein felur í sér, að greinilegar sé kveðið á um það, en gert er í gildandi kosningalögum, hvað teljast skuli óleyfilegur kosningaáróður á kjörstað. Er hér lagt til, að bannað sé að bera eða hafa uppi flokksmerki eða merki lista á kjörstað.